



Nefnd um byggingu vallahúss 12. maí 2017

Fundargerð

Föstudaginn 12. maí 2017, kl. 08:00 kom nefnd sem tilnefnd var til að fara yfir hugmyndir að byggingu vallahúss við íþróttasvæðið saman til fundar á skrifstofu sveitarstjóra.

Mættir voru: Eyjólfur Sigurðsson, Magnús Þór Róbertsson, Magnús Már Þorvaldsson, Linda Björk Stefánsdóttir og Ólafur Áki Ragnarsson, sem ritaði fundargerð.

1. Farið var yfir teikningar sem starfsmaður Yrki arkitekta hefur útfært út frá drögum sem nefndin hafði samþykkt að leggja til grundvallar byggingu vallahúss.

Fram kom hjá fundarmönnum að félagsaðstaðan væri of lítil, eðlilegt sé að vera með tvær snyrtingar í búningsklefum í stað einnar stórrar. Þá kom fram að húsið standi ekki neðan flatarmáls vallahúss, nær engir veggfletir eru í félagsaðstöðunni fyrir myndir, hillur og skápa. Þá er rétt að vekja athygli á að ekkert gefur til kynna rúmmetra stærð húss enda ekki sniðmynd tekin í húsið. Finna þarf leiðir til að halda byggingarkostnaði niðri.

Samkvæmt byggingarlýsingu er áætlaður heildarkostnaður fyrir fullbúið hús verði 74, 8 milljónir. Verð pr/m² kr. 402.613.-/m².

Innifalin er: Aðstaða og jarðvinna
Burðarvirki

Lagnir
Rafkerfi
Frágangur innanhúss
Frágangur utanhúss

Forkostnaðaráætlun þessi er á grundvelli verðbanka Hannars.

1. Samþykkt að Magnús Már sendi teikningarnar til starfsmanna K.S.Í. sem fara með málefni vallahúsa og styrkjamála til skoðunar út frá styrkhæfni og hvaða upphæð sé líkleg að K.S.Í. leggi til verkefnisins. Þá verði óskað eftir sjónarmiðum þeirra á útfærslu teikningarinnar. Eyjólfur og Ólafur fari á fund Yrki arkitekta og ræða þætti sem nefndin telur að skoða þurfi betur, þannig að ljúka megi sem fyrst við teikningar hússins.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið um kl. 09:00

Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari